

**Fundargerð 8. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 6. desember 2013, kl. 9:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.**

Mætt eru: Guðlaugur H. Sigurjónsson, Berglind Kristinsdóttir, Júlíus J. Jónsson, Ásgeir Eiríksson, Hjálmar Árnason, Sævar Baldursson, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri), Sverrir Guðmundsson (Keili) og Þuríður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjanes).

**1. Umsókn um aðild að EGN/GGN**

Lögð fram formleg svör European Geoparks Network og UNESCO vegna umsóknar um aðild að samtökunum. Samþykkt að halda áfram að vinna að aðild að EGN/GGN.

**2. Fjárhagsáætlun ársins 2014**

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 lögð fram og samþykkt.

**3. Framkvæmdir á árinu 2014**

Umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2014 lögð fram. Sótt var um styrk til uppbyggingar yst á Reykjanesi, m.a. við Brú milli heimsálfa og Valahnúk.

**4. Leiðsögn í Reykjanes jarðvangi**

Kynning á námskeiði í staðarleiðsögn í Reykjanes jarðvangi sem til stendur að bjóða uppá vorið 2014 í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

**5. Evrópsk samstarfsverkefni**

Tvö Evrópsk samstarfsverkefni kynnt. Annað hefur það að markmiði að bjóða uppá sameiginlega söluvöru en hitt að sjálfbærri þróun í jarðvöngum.

**6. Geocaching**

Rætt um hugmyndir um ratleik í samstarfi við vefsíðuna Geocaching.com. Samþykkt að halda verkefninu áfram.

**7. Fyrirhuguð friðlýsing Brennisteinsfjalla**

Umhverfisstofnun hefur hafið vinnu við friðlýsingu Brennisteinsfjalla samkv. rammaáætlun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:35.

Fundargerð ritaði: ESJ